

Frá ritstjórum

Annað árið í röð koma út tvö hefti af ritinu *Milli mála – tímarit um erlend tungumál og menningu*. Fyrri hefti ársins kom út í júlí og ber yfirskriftina *Skáldið, taóíð og dulspekin* og fjallar um áhrif daoisma og dulspeki í verkum Halldórs Laxness og túlkun hans á þeim. Gestarítstjóri er Geir Sigurðsson. Sérhefti næsta árs verður helgað smásögum og öðrum stuttum textum. Gestarítstjóri verður Kristín Guðrún Jónsdóttir.

Heftið sem hér birtist er annað hefti 15. árgangs. Að þessu sinni birtum við sex ritrýndar greinar um málvísindi, tungumálakennslu, bókmenntir og menningu, auk einnar óritrýndrar greinar (sem er þýdd úr dönsku), og tveggja þýddra smásagna ásamt kynningu á höfundi þeirra.

Þrjár fyrstu greinarnar eru á íslensku. Í fyrstu greininni fylgja þær Erla Erlendsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir eftir tveimur greinum um orðasambönd í íslensku, spænsku og þýsku sem birtust í 13. og 14. árgangi ritsins. Að þessu sinni fjalla þær um föst orðasambönd sem endurspeгла menningu, staðhætti og sögu í íslensku, spænsku og þýsku.

Ingunn Hreinberg Indriðadóttir fjallar um barnabók, sem samin var á ensku skordýramáli og þýdd á íslenskt skordýramál. Jafnframt gerir hún grein fyrir tilbúnum tungumálum og bullmálum, tilurð þeirra og uppbyggingu. Grein hennar nefnist „Es þak glaðaspraða?“ og eru þar m.a. tekin dæmi af uppbyggingu og málfræði þessa nýja tungumáls í samanburði við raunveruleg/þekkt tungumál.

Grein Katelin Marit Parsons, „Svar við bréfi Friðu: Skáldkonan Arnfríður Sigurgeirsdóttir og frænkan í vestrinu,“ fjallar um stöðu (tveggja) kvenna á dögum Vesturferða – þeirra sem fóru og þeirra sem fóru hvergi – sem og möguleikum kvenna til að koma skáldskap sínum á framfæri.

Lara Hoffmann, Markus Meckl og Yvonne Höller fjalla á ensku um forspár tengdar framförum í máltileinkun og misjafna ánægju

fullorðinna innflytjenda með námskeið í íslensku. Gerð er grein fyrir rannsóknum höfunda norðan heiða og niðurstöðum þeirra.

Í grein Þórhildar Oddsdóttur og Brynhildar Önnu Ragnarsdóttur er fjallað á dönsku um rannsókn á því hversu vel íslenskir tíundubekkingar séu líklegir til að skilja orðaforða í texta á sænsku miðað við sama texta á dönsku. Til grundvallar rannsókninni liggur sú fullyrðing að kunnátta í dönsku sé lykill Íslendinga að skandinavísku málunum norsku og sænsku.

Marion Lerner ritar á þýsku um Íslandsferð J.C. Poestion árið 1906 og kynni hans af landi og fyrimennum á þeim tíma. Að baki liggja ítarlegar rannsóknir á dagbókum eignaðar honum sem og öðrum handritum sem eftir hann liggja.

Þá er í heftinu þýðing á áður birtri grein eftir Bergþóru Kristjánsdóttur um kennslu og kynningu á skandinavískum málum á Norðurlöndum í anda Helsinkisáttmálans. Hvar gætir þessa í námskrám landanna og hvaða mynd fá unglingar af Norðurlöndunum út frá því námsefni sem í boði er?

Að lokum birtast í heftinu tvær smásagnaþýðingar eftir argentinna rithöfundinn Cristinu Civalo. Hólmfríður Garðarsdóttir þýðir og fjallar um Civalo í inngangi. Sögurnar sem hér birtast heita Malbec og Bloody Mary og eru báðar úr smásagnasafninu *Fyllerísögur*.

Ýmsir eiga þakkir skildar og er rétt að geta þeirra: höfundar, þýðendur og ónafngreindir ritrýnar fara þar fremstir í flokki en án þeirra væri útgáfa tímaritsins ómöguleg. Einnig færum við prófarkalesurum Sigríði Harðardóttur, Gísla Magnússyni, Gunnhildi Jónatansdóttur, Julian Meldon D'Arcy, sem og umbrotsmanni, Valgerði Jónasdóttur, bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf. Minnt er á skilafrest greina og þýðinga í næsta hefti – sem er 1. apríl 2024 fyrir næsta desemberhefti. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu tímaritsins: millimala.hi.is

*Geir Þórarinn Þórarinnsson
Þórbildur Oddsdóttir*